

Kópavogsbær
Karlotta Helgadóttir
Digranesvegi 1
200 Kópavogur

Reykjavík, 31. maí 2024
UST202405-158/A.B.
10.04.02

Efni: Lýsing - Rammahluti aðalskipulags Kópavogs 2019-2040- Kársnes Þróunarsvæði

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Kópavogsbæjar er barst 16. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna rammahluta aðalskipulags fyrir þróunarsvæði á vestanverðu Kársnesi.

Í erindinu kemur fram skipulagssvæðið nær yfir þróunarsvæði ÞR-1, sem skilgreint er í aðalskipulagi Kópavogs 2019-2040 ásamt aðliggjandi svæðum. Svæðið afmarkast af strandlínu Kársness til norðurs og vesturs og af núverandi íbúðarbyggð við Þinghólsbraut, Kársnesbraut og Huldubraut austurs og suðurs. Alls er skipulagssvæðið um 57,2 ha. Rammaskipulag fyrir vestanvert Kársnes snýr einkum að áframhaldandi þróun svæðisins með sérstakri áherslu á góðar samgöngutengingar m.a. fyrir gangandi og hjólandi vegfarendur og almenningsrými.

Aðgengi

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að aðgengi almennings sé tryggt meðfram ströndinni.

B-hluti náttúruminjaskrá

Í greinargerð segir að Kópavogurinn, ásamt Fossvogi, er hluti af svæði sem er á B-hluta náttúruminjaskrár og nær yfir allt Álftanesið, Skerjafjörð og að Gróttu á Seltjarnarnesi.

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið hefur verið tilnefnt af Náttúruminjastofnun á B-hluta náttúruminjaskrá, en ekki er um að ræða gildanda B-hluta.

Hins vegar er það mat stofnunarinnar að mikilvægt sé að hafa þær upplýsingar fyrir ofangreind svæði til hliðsjónar þegar skipulagsáætlunin er unnin, þegar áhrif á helstu umhverfisþætti eru metin og til að draga eins og kostur er úr neikvæðum áhrifum á verndargildi svæðisins.

Náttúruminjaskrá

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tillagan nær til er á náttúruminjaskrá og nefnist Bessastaðanes, Gálgahraun og fjörur frá Bala að Kársnesi og er númer 117 sem aðrar

náttúruminjar. Svæðinu er lýst á eftirfarandi hátt: Fjölbreyttar tjarnir, fjörur og grunnsævi með auðugu lífríki. Gálgahraun er tilkomumikið nútímahraun með lífauðugum sjávarfitjum. Hraunið er nyrsta tunga af rúmlega 10 km löngu hrauni sem komið er úr Búrfelli. Kjörið útivistarsvæði. NB: Hluti þessa svæðis hefur verið friðlýst annars vegar Hlið, Bessastaðahr sem fólkvangur með augl. í Stjórnartíðindum B, 491/2002. og hins vegar Kasthúsatjörn og aðliggjandi fjara, Álftanesi sem fólkvangur augl. í Stjórnartíðindum B, 663/2002. Gálgahraun friðlýst með augl. í Stjórnartíðindum nr. 877/2009. Skerjafjörður, hluti, friðlýst með augl. í Stjórnartíðindum B. nr. 878/2009

Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að fjallað sé um verndarsvæðin í tillögunni og metin séu áhrif hennar á þau. Ef tillagan mun hafa neikvæð áhrif á verndargildi verndarsvæðanna er mikilvægt að breyta tillögunni og setja skilyrði um mótvægisáðgerðir.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Rakel Sæmundsdóttir

sérfræðingur